

Miðvikudaginn 30. apríl 1958.

Nr. 29/1958. **Ákærvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðmanni Skæringssyni

(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Theódór S. Georgsson, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst 2000 króna sekt, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmann Skæringsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar og Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 8. nóvember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. mán., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Guðmanni Skæringssyni verkamanni, Vesturvegi 5 í Vestmannaeyjum, með ákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 29. marz 1957 „fyrir að hafa síðdegis sunnudaginn 30. september s.l., ekið bifreiðinni V 158 frá Laugavatni áleiðis til Reykjavíkur, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekið bifreiðinni án nægjanlegrar aðgæzlu umrætt sinn með þeim afleiðingum, að bifreið hans lenti utan í bifreiðinni G. 1349, sem stóð á Suðurlandsvegi skammt frá Lögbergi, á hægri vegarbrún frá ákærða séð.“ Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. gr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Að því er aksturinn varðar, er mál þetta til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa verið svo miður sín sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt, en það telst varða við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.“

Ákærist því framangreindur Guðmann Skæringsson til að sæta refsingu samkvæmt 45. gr. laga nr. 58/1954, 38. gr. laga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 14. gr. laga nr. 24/1941, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. nóvember 1925 að Rauðafelli, Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

- 1950 16/3 Vestmannaeyjar. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1953 16/7 Vestmannaeyjar. Sátt, 160 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 18/6 Áminning. Sect fyrir ölvun og óspektir.
- 1956 16/5 Áminning. Dómur 1000 kr. sekt, sviptur rétti til ökuleyfis í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 30. september kl. 21.30 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að bifreiðaárekstur hefði orðið við Lögberg. Lögreglan fór þegar á staðinn og kom í ljós, að bifreiðin V 158, sem kom akandi að austan, hafði rekizt á bifreiðina G 1349, þar sem hún stóð á Austurlandsvegi fyrir framan Lögberg. Afturhögglíf

G 1349 brotnaði af við áreksturinn og hægra afturbretti dældaðist. Hægra frambrettið á V 158 dældaðist, en aðrar skemmdir urðu ekki á bifreiðinni. Lögregluþjónarnir, sem komu á staðinn, urðu þess fljótlega varir, að bifreiðarstjórinn á V 158, ákærði Guðmann Skæringsson, myndi hafa neytt áfengis, þar sem hann var dapur til augnanna og áfengislykt af honum. Var farið með ákærða niður á lögreglustöð og tekið þar úr honum blóðsýnishorn. Ákærði viðurkenndi þar að hafa um kl. 13.00 þá um daginn drukkið þrjá bolla af kaffi, sem koníaki hefði verið blandað í.

Vitnið Hallgrímur Pétursson verkamaður, Stóra-Ási, Seltjarnarnesi, ber, að það hafi stöðvað bifreið sína G 1349 á Suðurlandsvegi hjá Lögbergi. Vél bifreiðarinnar var í gangi, og sat vitnið undir stýri. Kveikt var á lægri ljósum bifreiðarinnar. Vitnið kveðst hafa séð bifreiðina V 158 hafa komið akandi á talsverðri ferð, að því er vitninu virtist, í áttina að bifreið vitnisins. Skipti það síðan engum togum, að bifreiðin rakst á hægra afturbretti bifreiðar vitnisins. Ákærði, sem ók bifreiðinni V 158, stöðvaði bifreið sína nokkurn spöl frá bifreið vitnisins. Vitnið kveðst hafa fundið daufa áfengislykt úr bifreið ákærða, en segist ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða.

Vitnið Leifur Jónsson lögregluþjónn, sem kom á staðinn eftir áreksturinn, ber, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, er hann kom inn í lögreglubifreiðina, enda viðurkenndi ákærði að hafa drukkið fyrr um daginn. Vitnið kveðst ekki þora að fullyrða neitt um það, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögregluþjónn kveðst telja, að ákærði hafi verið lítilsháttar undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn. Vitnið kveður útlit ákærða hafa bent til þess. Var óeðlilegur roði í andliti ákærða og hann rauður til augnanna. Þá kveðst vitnið hafa fundið vínlykt af ákærða.

Vitnið Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn, sem yfirheyrði ákærða kvöldið, sem hann var handtekinn, kveðst ekki þora að fullyrða um það, hvort ákærði var með áfengisáhrifum eða ekki, en segir ákærða hafa verið voteygðan, rauðan til augna og rjóðan í andliti. Hins vegar var ákærði öruggur í gangi og málfar hans var skýrt.

Vitnið Guðmundur Sigurbergsson, Selfossi, ber, að ákærði hafi beðið sig að koma með honum í bifreið hans til Reykjavíkur, en vitnið var þá á Laugarvatni. Vitnið segir, að þeir hafi síðan haldið til Reykjavíkur með viðkomu á Selfossi. Ákærði ók bifreiðinni. Rétt neðan við Lögberg rakst bifreiðin á bifreiðina G 1349, sem

vitninu virtist vera nokkuð innarlega á veginum. Vitnið kveðst hafa haft áfengi með sér í bifreiðinni og drakk það eitthvað af því á leiðinni til Reykjavíkur. Vitnið neitaði því, að ákærði hafi neytt áfengis í bifreiðinni.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið að koma á bifreið sinni V 158 frá Laugarvatni áleiðis til Reykjavíkur, er bifreið hans rakst á bifreiðina G 1349 við Lögberg. Ákærði kveðst ekki hafa séð, er hann nálgast hina bifreiðina, hvort hún var á ferð eða ekki. Ákærði kveður afturhluta G 1349 hafa verið meira inn á götunni en framhluti bifreiðarinnar og segist ekki hafa varað sig á þessu. Rakst hægra framhorn V 158 utan í hægra afturbretti G 1349 og endann á afturhögghlíf bifreiðarinnar. Ákærði kveðst hafa ekið eftir miðjum veginum með 30 km. hraða á klst., er áreksturinn varð. Ákærði kveðst hafa drukkið þrjá bolla af kaffi blandað saman við koníak um kl. 13.00 þennan dag. Ákærði kveðst hafa fundið til áfengisáhrifa, eftir að hann hafði drukkið þessa þrjá bolla, en segir, að áhrifin hafi liðið hjá eftir skamma stund og hélt ákærði, að hann væri alveg laus við áfengið kl. 17.00, er hann ók bifreið sinni áleiðis til Reykjavíkur. Ákærði neitar því að hafa neytt áfengis í bifreiðinni eða hafa fundið til áfengisáhrifa, eftir að hann fór að aka bifreiðinni. Hann kveður vitnið Guðmund Sigurbergsson hafa haft áfengi um hönd í bifreiðinni og geti það skýrt áfengislyktina, sem vitnið Hallgrímur Pétursson taldi sig finna úr bifreið ákærða.

Í blóðsýnishorni úr ákærða fundust reducerandi efni, sem samsvara 0.87% af alkóhóli.

Samkvæmt atvikalýsingu hér að framan telst, þrátt fyrir alkóhólmagnið í blóði ákærða, er hann var handtekinn, ekki nægilega sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni V 158 frá Laugarvatni áleiðis til Reykjavíkur 30. september 1956, enda hefur ekkert vitnanna, sem sáu ákærða eftir margnefndan árekstur, þorað að fullyrða, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hins vegar verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi verið svo miður sín umrætt sinn sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann hafi eigi getað stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt. Hefur ákærði því með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 3. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941

og 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, svo sem greint er í ákæruskjali.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og 14. gr. umferðarlaga og með tilliti til þess, að hann hefur áður verið dæmdur fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis, hæfilega ákveðin 3000 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmann Skæringsson, greiði 3000 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur réttindum til að aka bifreið í 3 ár frá birtingu dómsins að telja, og frestar áfrýjun dómsins ekki verkun hans að því leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.
